



AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS 2017-2029

Samræming á sveitarfélagamörkum við Rangárþing ytra

Milli Gaukshöfða og Búðafoss

25.03.2026


HMS	Húsnæði Mannvirki Skipulag
Mótt:	24. JÚNÍ 2026
Málnr.	202605007



Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn þann 22.04.26

f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps


Sveitarstjórnir og tæknisvið
Uppsveita
Skipulagsfulltrúi
Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af HMS þann 14.05.2026




SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var kynnt frá: 13.03.2025 með umsagnarfresti til: 11.04.2025.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

111500-GRG-001-V02

HÖFUNDUR

IS

RÝNT

ÁJ/AB

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR	4
2.1	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029	4
2.2	Deiliskipulag Hvammsvirkjunar	4
3	AÐALSKIPULAGSBREYTING	4
4	UMHVERFISÁHRIF	5

1 INNGANGUR

Rangárþing ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppur vinna að samræmingu sveitarfélagamarka á aðalskipulagi beggja sveitarfélaga skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lögð var fram í skipulagsgátt, [skipulagslýsing](#) dags. 13.03.2025, vegna efnistöku en einnig vegna samræmingar sveitarfélagamarka. Hætt var við meiri efnistöku, en nú er gerð breyting á sveitarfélagamörkum beggja sveitarfélaga.

Með breytingunni eru sveitarfélagamörk samræmd frá Gaukshöfða niður undir Búðafoss. Þar sem til eru staðfest landamerki milli jarða, beggja vegna árinna, þá eru þau mörk lätin ráða (landeignaskrá sótt á vef HMS 05.02.2026). Mörk Minna-Núps eru í samþykktarferli og er þeim fylgt að hluta til. Að öðru leyti ráða sveitarfélagamörk IS50v, sem mörk Skeiða- og Gnúpverjahrepps fylgja að miklu leyti. Einnig er landnotkun aðlöguð að breyttum sveitarfélagamörkum, en skilmálar breytast ekki heldur aðeins stærðir.

Gerðar eru breytingar á aðalskipulagi beggja sveitarfélaga, sem unnar verða samhliða.

1.1 Skipulagsgögn

Skipulagsgögn eru greinargerð þessi með skipulagsuppdraetti.

2 FORSENDUR

2.1 Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

Í kafla 1.3 Mörk, er tekið fram að sveitarfélagamörk eru sýnd svipuð og þau voru í eldra aðalskipulagi. Sveitarstjórn telur þau mörk ekki í öllum tilfellum rétt og verða þau yfirfarin og eftir atvikum leiðrétt í samráði og samvinnu við aðliggjandi sveitarfélög.

2.2 Deiliskipulag Hvammsvirkjunar

Deiliskipulag Hvammsvirkjunar var staðfest í júní 2021. Breyting á sveitarfélagamörkum hefur áhrif á deiliskipulag virkjunarinnar og framkvæmdir sem unnar eru samhliða virkjun. Gerð verður breyting á því og sveitarfélagamörk samræmd. Eftir atvikum verða lóðamörk aðlöguð að sveitarfélagamörkum.

3 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Sveitarfélagamörkum er breytt á skipulagsuppdraetti og er efnistöku- og efnislosunarsvæðið E26 og iðnaðarsvæðið I15 aðlagð að breyttum mörkum.

Í greinargerð er stærð svæðanna breytt:

- Efnistökusvæðið E26 minnkar úr 86,2 ha (skráð stærð er 90 ha) í 81,8 ha. Skilmálar verða áfram þeir sömu.
- Iðnaðarsvæðið I15 minnkar úr 5,1 ha í 4,9 ha. Skilmálar haldast óbreyttir.

Vert er að taka fram að sveitarfélagsmörk hafa ekki eignarréttarlegt gildi en eðlilegt er að þau taki mið af samþykktum landamerkjum.

Umrædd breyting tekur nær eingöngu á mörkum sem liggja í Þjórsá en einnig er um að ræða einstaka hólma og eyjar í ánni.

4 UMHVERFISÁHRIF

Breytingin er metin hafa óveruleg áhrif þar sem skilmálar fyrir landnotkun verða áfram þeir sömu. Jákvæð áhrif verða því þá eru sveitarfélagamörkin á hreinu og hægt að afmarka land og lóðir miðað við þau.

HMS
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

HMS	Húsnæði Mannvirki Skipulag
Mótt.:	24. JÚNÍ 2026 5.3
Málnr.	202605007



Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita

Laugarvatni, 15. júní 2026
Tilvísun: 2602017 EMB

Efni: Gaukshöfði og Búðafoss; Sveitarfélagamörk; Aðalskipulagsbreyting

Skipulagsfulltrúi UTU bs. sendir hér með til staðfestingar HMS, í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, óverulega breytingu á aðalskipulagi v. Gaukshöfða og Búðafoss í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþings Ytra, sem felur í sér samræmingu sveitarfélagamarka á aðalskipulagi beggja sveitarfélaga.

Málsmeðferð var eftirfarandi:

Bókun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags. 22. apríl 2026:

Lögð er fram tillaga að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps, sem felur í sér samræmingu sveitarfélagamarka á aðalskipulagi beggja sveitarfélaga, í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með breytingunni eru sveitarfélagamörk samræmd frá Gaukshöfða niður undir Búðafoss, þar sem staðfest landamerki milli jarða beggja vegna árinna liggja til grundvallar, en að öðru leyti er miðað við sveitarfélagamörk samkvæmt IS50v. Jafnframt er landnotkun aðlöguð að breyttum sveitarfélagamörkum, án breytinga á skilmálum, og eru breytingarnar unnar samhliða á aðalskipulagi beggja sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum viðkomandi breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Niðurstaða sveitarfélagsins verði auglýst og málið sent Skipulagsstofnun til samþykktar.

Bókun skipulagsnefndar UTU bs., dags. 10. apríl 2026:

Lögð er fram tillaga að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps, sem felur í sér samræmingu sveitarfélagamarka á aðalskipulagi beggja sveitarfélaga, í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með breytingunni eru sveitarfélagamörk samræmd frá Gaukshöfða niður undir Búðafoss, þar sem staðfest landamerki milli jarða beggja vegna árinna liggja til grundvallar, en að öðru leyti er miðað við sveitarfélagamörk samkvæmt IS50v. Jafnframt er landnotkun aðlöguð að breyttum sveitarfélagamörkum, án breytinga á skilmálum, og eru breytingarnar unnar samhliða á aðalskipulagi beggja sveitarfélaga.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að samþykkja viðkomandi breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Niðurstaða sveitarfélagsins verði auglýst og málið sent Skipulagsstofnun til samþykktar.

Meðfylgjandi gögn:

Aðalskipulag breyting, greinargerð og uppdráttur dags. 25.3.2026

Virðingarfyllst,

Umhverfis- og tæknisvið
Uppsveita
Ellisif M. Bjarnadóttir
Ellisif M Bjarnadóttir
Ritari skipulagsfulltrúa UTU bs.

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna
sveitarfélagamarka

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) staðfesti, 14. ágúst 2026, óverulega breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029, sem samþykkt var í sveitarstjórn 22. apríl 2026.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Rangárþing ytra vinna að lagfæringum á sveitarfélagamörkum með breytingu á aðalskipulagi beggja sveitarfélaga frá Gaukshöfða niður undir Búðafoss. Við afmörkunina er byggt á staðfestum landamerkjum milli jarða beggja vegna Þjórsár en að öðru leyti er miðað við sveitafélagamörk samkvæmt IS50v. Jafnframt er landnotkun aðlöguð breyttum sveitafélagamörkum án breytinga á skilmálum.

Málsmeðferð var óveruleg breyting á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun 14. ágúst 2026.

Guðrún Lára Sveinsdóttir

* Rafræn skilríki

HMS

Húsnæði
Mannvirki
Skipulag

Guðrún Lára Sveinsdóttir

Guðrún Lára Sveinsdóttir
Teymsstjóri, skipulag
Svæðiskipulags og umhverfismats

Undirritað með OneSign